EYÐUBLAÐ

Til eiganda eða umsjónarmanns dýra

Hér með tilkynnist um grun um / staðfestingu á að dýr í þinni umsjón séu smituð af:

Eigandi eða umsjónarmaður:

Bær eða staður sem dýrin eru á:

Helstu einkenni sjúkdómsins eru:

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim gilda eftirtaldar varúðarráðstafanir hér með:

☐ Hýsa skal öll móttækileg dýr á staðnum.
☐ Halda skal veikum og hugsanlega sýktum dýrum aðskildum frá öðrum dýrum.
☐ Öll dýr skulu vera í öruggri vörslu, sérstaklega er minnt á hunda og ketti.
☐ Óheimilt er að flytja dýr að og frá staðnum án leyfis héraðsdýralæknis.
☐ Brottflutningur dýraafurða, dýrahræja, úrgangs, fóðurs og alls annars sem smitið getur borist með er óheimill án leyfis héraðsdýralæknis.
☐ Nota skal sérstakan skófatnað og hlífðarföt við umhirðu sýktra dýra.
☐ Eigandi/umráðamaður skal fylgjast vel með dýrunum, skrá og tilkynna dýralækni um öll ný tilfelli.
☐ Óheimilt er að slátra dýrum frá búinu/staðnum án leyfis héraðsdýralæknis.
☐ Brottflutningur farartækja frá staðnum er óheimill án leyfis héraðsdýralæknis
☐ Takmarka skal umferð manna og tækja til og frá búinu/staðnum eins og unnt er.
☐ Farartæki skal þrífa og sótthreinsa, samkvæmt leiðbeiningum héraðsdýralæknis.
☐ Tæki og tól sem komið hafa í snertingu við smitefni skulu þrifin og sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis.
☐ Fólki er óheimilt að yfirgefa staðinn án leyfis héraðsdýralæknis
☐ Fólki er óheimill aðgangur að staðnum án leyfis héraðsdýralæknis
☐ Eigandi er ábyrgur fyrir umönnun veikra dýra og að þau fái nauðsynlega meðhöndlun
☐ Óheimilt er að neyta ósoðinnar eða ógerilsneyddrar mjólkur frá búinu.
☐ Óheimilt er að gefa dýrum ósoðna eða ógerilsneydda mjólk frá búinu.
☐ Mjólk sem hellt er niður skal farga á öruggan hátt, s.s. í rotþró eða haughús.
☐ Hauglosun og notkun búfjáráburðar er óheimil nema í samráði við héraðsdýralækni og með samþykki heilbrigðiseftirlits.
☐ Fara skal að fyrirmælum héraðsdýralæknis um annað sem viðkemur smitvörnum.
☐ Annað:
☐

Eiganda/ umsjónarmanni er skylt að aðstoða dýralækni við að sjá til þess að þessum ráðstöfunum sé framfylgt. Fyrirmælin gilda þar til þeim verður aflétt skriflega af héraðsdýralækni, í umboði Matvælastofnunar. Brot gegn ofangreindum fyrirmælum geta varðað sektum eða fangelsi.

Tilkynnt	**Móttekið**
klukkustund, dagur og ár	klukkustund, dagur og ár
undirskrift héraðsdýralæknis/dýralæknis	undirskrift eiganda/umsjónarmanns dýra